

Nd.

648. Breytingartillögur

[18. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um kosningar til Alþingis, nr. 52 14. ágúst 1959, með áorðnum breytingum.

Frá kosningalaganefnd.

1. Við 11. gr. Í stað orðanna „eftir óskum þeirra“ í 3. másl. 2. mgr. komi: að fengnum óskum þeirra.
2. Við 33. gr. Í stað orðanna „ef því er að skipta“ í síðasta másl. 2. tölul. fyrri mgr. komi: svo oft sem hann hefur hlotið þingsæti.
3. Við 34. gr. Fyrri mgr. orðist svo:

Þingsætum skv. 5. gr., sem hefur ekki enn verið úthlutað til lista, skal skipta milli landsframboða samkvæmt ákvæðum þessarar greinar. Við þá skiptingu koma til álitu þau landsframboð ein sem hlotið hafa þingsæti skv. 111. gr.
4. Við 35. gr.
 - a. 4. másl. 3. mgr. orðist svo: Halda skal áfram úthlutun innan hvers áfanga svo lengi sem unnt er og ljúka henni og ákvörðun kjördæmistölu, ef þörf krefur, áður en úthlutun samkvæmt næsta áfanga hefst.
 - b. Síðari másl. 2. tölul. 3. mgr. orðist svo: Í þessum áfanga skal þó ganga fram hjá lista hafi hann ekki fengið a.m.k. 7% gildra atkvæða í kjördæmi sínu.
5. Við 36. gr.
 - a. 1. mgr. orðist svo:

Takist ekki að fylla tölu þingsæta í kjördæmi með ákvæðum 3. tölul. 3. mgr. 113. gr. skal ljúka úthlutun í hverju slíku kjördæmi eftir reglum 1. og 2. tölul. 111. gr. þrátt fyrir skiptingu þingsæta skv. 112. gr. Úthluta skal þingsæti skv. c-lið fyrri mgr. 5. gr. til eins þeirra landsframboða sem nú skortir þingsæti. Ákvarða skal hlutfallstölur fyrir hvert landsframboð um sig samkvæmt ákvæðum a til e-liða 4. tölul. 3. mgr. 113. gr. Hlýtur sá listi sætið sem þá hefur hæsta hlutfallstölu.
 - b. Í stað orðsins „atkvæðatölur“ í 2. mgr. komi: tölur.